

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 273/1990. **Þórður Þórðarson**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Runólfi Hallfreðssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningar. Sjómenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1990. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 389.026 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 129.675,33 krónum frá 1. janúar 1989 til 1. febrúar sama ár, af 259.350,66 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár og af 389.026 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk 24,5 % virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð í 194.513 krónur. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Í máli þessu hafa aðilar ekki gefið skýrslur fyrir dómi, og ekki hafa fyrirsvarsmenn Drangavíkur hf. verið kvaddir til vættis í málinu.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður við það að miða, að stefndi hafi ekki sagt skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fékk vitneskju um, að stefndi hafði selt skip sitt, svo sem honum var heimilt, sbr. 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Hann hélt áfram starfi sínu á skipinu hjá hinum nýja eiganda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Þórðarson, greiði stefnda, Runólfi Hallfreðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómur bærjapings Akraness 9. maí 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. apríl sl., hefur Þórður Þórðarson, kt. 310847-7399, Gnoðarvogi 32, Reykjavík, höfðað fyrir bærjapinginu með stefnu, útgefinni 25. okt. 1989, á hendur Runólfi Hallfreðssyni kt. 260331-2999, Krókatúni 9, Akranesi, til heimtu skuldar vegna launa í uppsagnarfresti tímabilið 11. nóv. 1988 til 11. febr. 1989.

Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi:

Aðallega krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 389.026, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 129.675,33 frá 1. jan. 1989 til 1. febr. 1989, með sömu vöxtum af kr. 259.350,66 frá þeim degi til 1. mars 1989 og loks með sömu vöxtum af kr. 389.026 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 269.313, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af kr. 89.771 frá 1. jan. 1989 til 1. febr. 1989, með sömu vöxtum af kr. 179.542 frá þeim degi til 1. mars 1989 og loks með sömu vöxtum af kr. 269.313 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1990, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann vexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Málskostnaðar er krafist, hvernig sem mál þetta fer að öðru leyti. Þess er krafist, að dæmdur verði 24% virðisaukaskattur af málskostnaði skv. lögum þar um.

Af hálfu stefnda eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, til vara, að stefnukrafan verði lækkuð í fjárhæð, sem nemi 6 vikna kaupi, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt 1% söluskatti skv. 18. gr. laga nr. 1/1988 eða virðisaukaskatt, sbr. lög nr. 50/1988.

Málavextir.

Stefnandi réðst 30. mars 1988 sem fyrsti vélstjóri og síðar sem yfirvélstjóri á ms. Akurnesing, AK-71, sem stefndi átti og gerði út sem rækjufrystiskip. Ráðning hans var ótímabundin.

Hinn 22. okt. 1988 kom skipið til Akraness úr veiðiferð. Daginn eftir var áhöfninni tilkynnt, að selja ætti skipið. Hinn væntanlegi kaupandi og eigandi var Drangavík hf., Drangnesi, sem bauð stefnanda að halda áfram starfi sínu á skipinu. Stefnandi kveðst hafa tekið því tímabundið til 1. jan. 1989. Af hálfu stefnda er því mótmælt sem röngu, að stefnandi hafi tekið starfstilboði kaupandans með slíkum fyrirvara um tímalengd starfsins. Ekki hefur stefnandi lagt fram nein gögn til sönnunar staðhæfingu sinni um tímabindingu starfs síns hjá hinum nýja eiganda.

Stefnandi kveðst hafa tilkynnt stefnda strax, að hann teldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, þ.e. kaupi í þrjá mánuði úr hendi stefnda vegna sölu skipsins. Fyrsti vélstjóri mun hafa sagt upp, og voru honum greidd laun á uppsagnarfresti.

Afhending til hins nýja eiganda á ms. Akurnesingi, AK-71, fór fram 11. nóv. 1988. Stefnandi starfaði áfram á skipinu, en þó ekki nema til áramóta 1988-89, en þá hætti hann með samþykki hins nýja eiganda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi hætt fyrirvaralaust á skipinu 31. des. 1988.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að krafa stefnanda um laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti úr hendi stefnda hafi ekki komið fram fyrr en með bréfi Vélstjórafélags Íslands, dags. 19. júní 1989, tæpum átta mánuðum eftir að honum var tilkynnt um væntanlega sölu á m/s Akurnesingi, AK-71. Í nefndu bréfi var því haldið fram, að sala skipsins hefði jafngilt uppsögn, og ætti stefnandi því rétt til staðgengilslauna á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ekki var orðið við þeirri málaleitan, og fól vélstjórafélagið þá Lög-rúnu sf. að annast innheimtu á fjárkröfu stefnanda gagnvart stefnda. Ekki hafa náðst sættir í deilunni.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína um greiðslu fullra launa á þriggja mánaða uppsagnarfresti á 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem kveður svo á, að uppsagnarfrestur yfirmanna (vélstjóra) sé þrír mánuðir, enda hafi hann ekki verið ráðinn tímabundinni ráðningu, sbr. og 2. mgr. 27. gr. laganna. Hann heldur því fram, að við sölu skipsins hafi ráðningarsamningur sinn verið rofinn einhliða með þeim hætti, að honum beri fullt kaup á uppsagnarfresti, þ.e. í þrjá mánuði. Hann vitnar til greinargerðar fyrir frv. til sjómannalaganna nr. 35/1985, þar sem komi fram það yfirlýsta markmið frv. að bæta réttarstöðu sjómanna. Hann kveður kröfu sína og styðjast við fordæmi dómstóla.

Varakröfu sína um greiðslu kauptryggingar styður stefnandi við sömu rök að öðru en því, að hún er miðuð við kauptryggingu eða lágmarkskaup vélstjóra.

Kröfu um greiðslu málskostnaðar styður stefnandi við ástæður málaferlanna, sem séu vanefndir stefnda á greiðsluskyldu skv. lögum og kjarasamningi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að haldi yfirmaður á skipi áfram störfum á skipinu eftir eigendaskipti á því, geti hann ekki þegið laun bæði hjá seljanda og kaupanda á sama tíma. Óumdeilt sé aftur á móti, að hann geti þegið laun bæði hjá seljanda og öðrum útgerðarmanni á öðru skipi á sama tíma. Meginmáli skipti því, hvort sá, er í hlut á, ræður sig á annað skip eða heldur áfram störfum á sama skipi þrátt fyrir eigendaskiptin. Í þessu efni vitnaði stefndi til 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þar segir, að skipverja sé heimilt við sölu á skipi að krefjast lausnar úr skiprúmi, „en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu, þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta“. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa haft þennan hátt á, heldur hafa tjáð stefnda, að hann myndi halda áfram starfi sínu á skipinu hjá kaupanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína við þau rök, að í stað þess að hætta strax á skipi stefnda við sölu þess og krefjast strax kaups á uppsagnarfresti, sem stefnanda hafi verið heimilt, hafi hann haldið áfram störfum á skipinu. Hann geti því ekki löngu síðar kafið stefnda um laun á uppsagnarfresti skv. 9 og 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Það sé almenn lagaregla, að haldi launþegi áfram störfum í sömu stöðu þrátt fyrir eigendaskipti, þótt hann sé ekki skyldugur til þess, og fái greitt kaup hjá nýja eigandanum, geti hann ekki kafið fyrri eiganda um laun fyrir sama tímabil, þ.e. bætur fyrir riftun ráðningarsamnings.

Varakrafa stefnda um, að stefnukrafa verði lækkuð í laun, er nemi sex vikna uppsagnarfresti, er studd við 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Álit dómsins.

Ágreiningur málsaðila snýst bæði um málsatvik og réttarreglur. Þegar stefnanda var tilkynnt um væntanlega sölu á ms. Akurnesingi, AK-71, sagði hann ekki upp starfi sínu. Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki heldur hafa sannað, að hann hafi, þegar honum var tilkynnt um væntanleg eigendaskipti á ms. Akurnesingi, AK-71, hinn 23. okt. 1988, tjáð stefnda, að hann liti á sölu skipsins sem uppsögn af hálfu stefnda og krefðist því þriggja mánaða uppsagnarfrests. Á skipinu var áfram sami skipstjóri, og stefnandi hafði því sama yfirmann um borð, og hann hélt áfram starfi sínu hjá hinum nýja eiganda eftir afhendingu skipsins 11. nóv. 1988. Ekki er

sannað, að hann hafi ráðið sig tímabundið hjá hinum nýja eiganda skipsins með sérstökum starfssamningi til 31. des. 1988. Dómurinn lítur því svo á, að hann hafi í verki samþykkt að halda áfram starfi sínu á skipinu ótímabundið hjá hinum nýja eiganda. Ekki verður heldur séð, að hann hafi haft uppi kröfu sína um laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti fyrr en í júní 1989.

Þá kemur til athugunar ágreiningur málsaðila um skýringu á sjómanna-lögunum nr. 35/1985. Dómurinn álitur, að skýra verði ákvæði laganna um uppsagnarfrest og rétt til launa á þann veg, að þeim sé ætlað að tryggja launþegum (yfirmanni á skipi) þriggja mánaða uppsagnarfrest eða laun í þrjá mánuði, ef honum er sagt upp starfi fyrirvaralaust. Lögunum er ætlað að tryggja launþega gegn því að verða fyrir tjóni, t.d. af völdum þess, að skip sekkur, útgerðin verður gjaldþrota eða skipið er selt o.s.frv. Lögunum er hins vegar alls ekki ætlað að tryggja launþega laun bæði hjá seljanda skips og kaupanda þess á fyrstu þremur mánuðum eftir afhendingu þess. Gildir þar einu, þótt yfirmaðurinn hafi aðeins samþykkt að starfa tímabundið hjá hinum nýja eiganda, sem þó er ekki sannað í þessu máli. Að þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Hæfi-legt þykir að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 60.000 í máls-kostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Runólfur Hallfredsson, kt. 260331-2999, skal vera sýkn af kröfum Þórðar Þórðarsonar, kt. 310847-7399, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.